

Sp.

674. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun löggjafar um meðferð opinberra mála.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara svo fljótt sem verða má endurskoðun á gildandi lögum og reglum um meðferð opinberra mála. Skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn í þessum efnum, ef nauðsyn krefur. Að þessari endurskoðun lokinni leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi frv. um meðferð opinberra mála.